

## RITSTJÓRNIN

## HVAÐ ÁTTU VIÐ?

Í fyrsta tölublaði Gáttar hófum við umræðuna um merkingu íðorða á sviði fullorðinsfræðslu. Eins og í fyrri tölublöðum munum við velta fyrir okkur nokkrum hugtökum sem varða viðfangsefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, FA. Við sem þar störfum finnum þörf fyrir að hugtök, sem notuð eru í umræðu um fræðslumál fullorðinna, séu skýrt skilgreind. Því er fastur þáttur hér í ársritinu Gátt að fjalla um slík hugtök með það að markmiði að koma af stað umræðum og ná samkomulagi um heppilega og samræmda notkun þeirra íðorða sem notuð eru um hugtökin.

FA gegnir því hlutverki að vera vettvangur samstarfs og umræðu um fullorðinsfræðslu og kennslufræði fullorðinna. Innan FA er starfandi hópur sérfræðinga sem stöðugt veltir fyrir sér heppilegri íðorðanotkun og prófar sig áfram með mismunandi íðorð. Þar sem umræður um hugtökin þóttu ekki hafa komist á nægilegt flug var ákveðið snemma á árinu 2009 að setja á laggimar svokallaðan hugtakahóp og bjóða til samstarfs sérfræðingum frá öllum helstu stofnunum sem koma að málefninu. Hópnum er ætlað að skilgreina hugtök sem varða nám og menntun fullorðinna. Eins og fram kom í Gátt 2009 ákvað hópurinn að beita sér fyrir þýðingu á orðaskrá um evrópska menntastefnu og fékk styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til verksins. Elísabet Gunnarsdóttir var ráðin sem þýðandi en hópurinn vann með henni.

Verkinu var skilað til ráðuneytisins 6. október 2009. Mennta- og menningarmálaráðuneytið sendi listann til CEDEFOP, starfsmenntastofnunar Evrópu og nú er hann aðgengilegur á heimasíðu stofnunarinnar ásamt listum á 13 öðrum tungumálum, þar af tveimur norrænum, norsku og sænsku. Orðalistinn hefur einnig verið færður inn í Orðabanka Íslenskrar málstöðvar ([www.ordabanki.hi.is](http://www.ordabanki.hi.is)) og einnig verður hægt að sækja hann í heild á PDF-formi á heimasíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ([www.arnastofnun.is](http://www.arnastofnun.is)).

Í þessu tölublaði tökum við upp þráðinn þar sem frá var horfið í síðasta tölublaði. Eins og áður eru sett fram ensk íðorð og tillögur að íslenskum þýðingum og skilgreiningum. Enn eru öll íðorðin af CEDEFOP-listanum en hann er einkum ætlaður fræðimönnum og öðrum sem fást við menntun og mótun menntastefnu. Listinn er ekki tæmandi skrá hugtaka sem eru notuð af sérfræðingum heldur er honum ætlað að innihalda lykilhugtök sem eru nauðsynleg til þess að bera skynbragð á menntun og þjálfun í Evrópu. Hugtakahópurinn hefur fengið ný viðfangsefni og mun halda áfram að vinna að skilgreiningum hugtaka og útbreiðslu þeirra. Hópurinn er meðvitaður um að allri hugtakaumfjöllun þurfi að fylgja eftir með því að fá áhugasama til að tjá sig um skilgreiningarnar og gera í kjölfarið úrbætur.

Íðorð á ensku	Íslensk þýðing:	Merking / skilgreining:
e. access to education and training	aðgengi að menntun og þjálfun	Skilyrði, aðstæður eða kröfur (s.s. hæfi, menntunarstig, leikni eða starfsreynsla o.s.frv.) sem segja fyrir um inngöngu í eða námsvist við menntastofnanir, fræðslumiðstöðvar eða námsleiðir.
e. valuing learning	hvatning til náms	Hvatning til þátttöku og árangurs í (formlegu eða óformlegu) námi til þess að efla skilning á eðlislægu gildi náms og til að umbuna fyrir námsárangur.
e. basic skills	grunnleikni	Sú leikni sem nauðsynleg er til að taka þátt í nútímaþjóðfélagi, s.s. hlustun, tal, lestur, skrift og stærðfræði.
e. new basic skills	ný grunnleikni	Leikni t.d. í upplýsinga- og samskiptatækni, erlendum tungumálum, tæknimenningu, félags-, skipulags- og samskiptaleikni og frumkvöðlastarfsemi. Athugasemd: Ásamt grunnleikni myndar ný grunnleikni þá lykilleikni sem nauðsynleg er til að þroskast í nútímaþekkingarsamfélagi.

Hugtak á ensku:	Íslensk þýðing:	Merking / skilgreining:
e. key skills / key competences	lykilleikni / lykilhæfni	Sú heildarleikni (grunnleikni og ný grunnleikni) sem nauðsynleg er til að lifa í nútíma þekkingarsamfélagi. Athugasemdir: Í Tilmælum um lykilhæfni til ævináms (Recommendation on key competences for lifelong learning) setur Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins (European Commission) fram átta flokka lykilhæfni: – samskipti á móðurmálinu – samskipti á erlendum málum – færni í stærðfræði, vísindum og tækni – stafræn færni – að læra að læra – samskipti við annað fólk, fólk frá öðrum menningarheimum og félagsfærni, félagsleg og borgaraleg færni – frumkvöðlastarfsemi – tjáning menningar
e. guidance and counselling / information, advice and guidance (IAC)	náms- og starfsráðgjöf	Margvísleg starfsemi sem miðar að því að aðstoða fólk við að taka ákvarðanir varðandi menntun, starfsval eða einkalíf og að hringja þeim í framkvæmd áður en og eftir að komið er út á vinnumarkaðinn. Athugasemdir: Náms- og starfsráðgjöf getur falið í sér: – ráðgjöf (varðandi einkamál eða starfsferil, námsráðgjöf) – mat (sálfræðilegt eða tengt færni/frammistöðu) – upplýsingar um tækifæri til náms sem og á vinnumarkaði og um skipulagningu starfsferils – samráð við jafningja, ættingja eða fræðsluaðila – starfsundirbúning (skilgreina nákvæmlega leikni/færni og reynslu til undirbúnings starfsútsókn) – tilvísanir (til náms- eða starfssérfræðinga) Náms- og starfsráðgjöf er hægt að veita í skóla, fræðslumiðstöðvum, vinnumiðlunum, vinnustöðum, eða annars staðar í samfélaginu.
e. dropout	brottfall	(a) Á ensku er orðið dropout notað bæði um ferlið (brotthvarf frá námi) og þá nemendur (brottfallsnemendur) sem ekki ljúka námi. (b) Auk þeirra nemanda, sem hverfa frá námi, eru þeir nemendur, sem ljúka almennu námi eða starfsnámi en falla á prófum, stundum taldir með brottfallsnemendum.
e. trainer	þjálfari	Hver sá sem gegnir einu eða fleiru þeirra starfa sem tengjast (fræðilegum eða hagnýtum) þjálfunarstörfum, annaðhvort við menntastofnun eða á vinnustað.
e. teacher	kennari	Einstaklingur sem gegnir því starfi að miðla þekkingu, verksviti eða leikni til nemenda við þjálfunar- eða menntastofnun. <b>Athugasemd: Kennari getur leyst ýmis verkefni svo sem að skipuleggja og annast framkvæmd þjálfunarleiða/áfanga/námskeiða og miðla þekkingu hvort heldur er almennri eða sérhæfðri, fræðilegri eða hagnýtri. Kennarar í starfsmenntastofnun eru stundum nefndir þjálfarar.</b>